

Mánudaginn 17. júnímán. 1918.

Nr. 13/1918.

Eiríkur Filippusson  
 gegn  
 Tómasi Tómassyni.

D ó m u r :

Mál þetta var í héraði aðalsök og gagnsök; höfðaði stefndi Tómas Tómasson ölgerðarmaður í Reykjavík aðalsökina fyrir bæjarþinginu þar gegn áfrýjanda Eiríki Filippussyni tómt húsmanni sama staðar til greiðslu á húsaleigu og lóðarleigu samtals 109 kr., en áfrýjandi höfðaði gagnsökina á hendur stefnda til greiðslu á andvirði fyrir ofn o. fl. samtals kr. 89,80. Málunum lauk með dómi bæjarþingsins uppkveðnum 17. jan. þ. á., þannig að áfrýjandi skyldi greiða stefnda 68 kr., en stefndi skyldi greiða áfrýjanda 12 kr. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags; málskostnaður í aðalsök og gagnsök skyldi falla niður.

Áfrýjandi hefir skotið þessum dómi til yfirdómsins með stefnu útgefni 27. febr. þ. á.; hefir hann fengið til þess gjafsókn og skipaðan málflutningsmann, er hefir krafist þess, að áfrýjandi verði, með eða án fyllingarelds, sýknaður af kærnum og kröfum stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 89 kr. 80 a. að frádregnum 15 kr. eða 74 kr. 80 a. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnað fyrir báðum réttum eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg málflutningslaun til sín.

Það er hins vegar aðalkrafa stefnda, að verða sýknaður af öllum kærnum og kröfum áfrýjanda og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 109 kr. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnað fyrir báðum réttum. Þessi krafa kemur þó ekki til álita með því að stefndi hefir eigi áfrýjað málinu. En til vara krefst hann að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað í yfirdómi eftir mati réttarins.

Fyrir bæjarþinginu var krafa stefnda þannig sundurliðuð: herbergisleiga í húsinu nr. 21 B við Njálsgötu kr. 105,00, kálgarðsleiga kr. 24,00 og gjald fyrir að láta 3 kassa standa á lóð hússins kr. 10,00 alls 139 kr., að frádregnum 30 kr., er taldar voru greiddar stefnda. Áfrýjandi hafði á leigu loftherbergi í nefndu húsi stefnda  $10\frac{1}{2}$  mánaðartíma, og taldi stefndi húsaleiguna 10 kr. á mánuði, en áfrýjandi mótmælti því, og kvað stefnda hafa leigt sér herbergið fyrir að eins 5 kr. á mánuði. En með því áfrýjandi hefir eigi sannað að þetta hafi verið samningur þeirra stefnda, og mánaðarleigan, sem stefndi telur sér, virðist eftir atvikum eigi vera óhæfilega há, verður að fallast á kröfu hans að þessu leyti. Þá hefir áfrýjandi og haldið því fram, að með því að herbergisleigan hafi átt að greiðast eftir á fyrir hvern mánuð, hafi leigan frá 1. apríl 1917 eigi verið gjaldkræf 18. apríl s. á. þegar stefndi höfðaði málið og geti hann því eigi fengið dóm fyrir henni í þessu máli. Þessi mótmæli áfrýjanda hefir undirdómarinn samþykkt og verður þá, eins og málið liggur fyrir,



við svo búið að standa, og telst þá þessi kröfuliður eins og í bæjarþingsdómnum 90 kr. að frádregnum 30 kr. er fyrir getur og réttilega eru taldar greiddar upp í þessa leigu, eða 60 kr.

Áfrýjandi neitar því að sér beri að greiða stefnda neina kálgarðsleigu, með því að hann hafi leyft sér afnot kálgarðsins ókeypis sumarið 1916. Í kaupsamningi, dags. 26. júní s. á., um nefnda húseign milli málsaðila, er það tekið fram, að kaupandi (stefndi) njóti arðs af eigninni frá 1. júlí, og með því að áfrýjandi hefir eigi sannað, að kálgarðurinn hafi verið undanskilinn, verður hann að greiða leigu fyrir hann, sem eigi virðist of hátt ákveðin í dómnum 8 krónur.

Krafa stefnda um leigu fyrir lóð undir kössum var eigi tekin til greina í dómnum og kemur því eigi hér til álita.

Krafa áfrýjanda á hendur stefnda kr. 89.80 er samkvæmt reikningi hans andvirði fyrir þessa muni: ofn 45 kr., 14 tunnur mulnings á 70 aura kr. 9.80, 6 staurar, 1 planki og 1 borð 20 kr., 1 kassi með læsing og lömum 10 kr. og spilt og töpuð kol 5 kr.

Ofn sá, er getur í reikningnum, var í húsinu 21 B við Njálsgötu þegar stefndi keypti það af áfrýjanda, og má telja sannað að hann hafi þá verið múrfastur, og með því húsið var selt með öllu múrföstu og ofn þessi eigi undanskilinn, verður að telja hann eign stefnda samkvæmt kaupsamningum, og getur áfrýjandi þá ekki krafist borgunar fyrir hann sérstaklega; er því eigi heimild til að taka þennan kröfulið til greina.

Það er sannað að áfrýjandi muldi grjótið fyrir stefnda og að sá mulningur hafi verið 14 tonnur. Stefndi hefir eigi sannað að hann hafi greitt áfrýjanda neitt fyrir þetta verk; hann kemst því eigi hjá að greiða honum hæfilegt kaup fyrir það, og með því að stefndi hefir eigi sýnt fram á að borgunin, 70 a. fyrir hverja tunnu, sé of há, verður að fallast á þennan kröfulið.

Áfrýjandi hefir eigi gegn neitun stefnda sannað að hann hafi fengið hjá sér timbur það, er í reikningnum er talið fyrir 20 kr., og verður sá liður reikningsins því ekki tekinn til greina. Tveimur seinustu liðum reikningsins mótmælti stefndi, en það sannaðist með vitnaskýrslum í málinu, að stefndi lét flytja kassa með kolum í, er áfrýjandi átti á húslóðinni, og að kassinn brotnaði eða gliðnaði við flutninginn, svo að það smærsta af kolunum fór úr honum niður í bleytu. Fyrir þessi spjöll virðist áfrýjandi eiga rétt á bótum, og þykja þær eftir því sem upplýst er, hæfilega settar í dómnum 5 kr.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að áfrýjanda ber að greiða stefnda 68 kr. að frádregnum kr. 9,80 og kr. 5,00 eða kr. 53,20, án vaxta með því að stefndi hefir eigi krafist þeirra í héraði.

Málkostnaður þykir eftir atvikum eiga að falla niður fyrir báðum réttum.

Flutningur málsins af hendi skipaðs talsmanns áfrýjanda hefir verið löglegur, og ber honum í málflutningslaun 20 kr. er greiðist úr landssjóði.



Þvi dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Eiríkur Filippusson greiði stefnda Tómasi Tómassyni 53 kr. 20 a. — Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður. Skipuðum málflytningum áfrýjanda, Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni, greiðist í málflytningu 20 kr. úr landssjóði.

Dóminum ber að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 17. júní 1918.

Nr. 7/1918.

Simon Njálsson  
gegn  
Garðari Gíslasyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði Garðar kaupmaður Gíslason í Reykjavík gegn áfrýjanda Simoni Njálssyni sama staðar til greiðslu á skuld að upphæð 53 kr. 51 e. og var það dæmt í bæjarþingi Reykjavíkur 31. maí f. á., á þá leið, að Simon Njálsson á að greiða Garðari Gíslasyni áminstar 53 kr. 51 e. með 5% ársvöxtum frá 20. apríl 1917 til borgunardags, og 20 kr. í málskostnað; ennfremur var hann dæmdur til að greiða 4 kr. sekt í landssjóð fyrir að hafa látið far-